



Formannafundur

2. formannafundur HSV starfsárið 2019-2020, mánudaginn 15.06.20 kl. 17:00.

Haldinn í Vestrahúsi.

Mætt voru: Ásgerður Þorleifsdóttir, Marínó Hákonarson, Sigmundur Þórðarsson, Anton Helgi Guðjónsson, Heiða Jónsdóttir, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Valur Richter, Hákon Sigðursson, Svava Rán Valgeirsdóttir og Bjarki Stefánsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fyrrimyndahérað ÍSÍ
Kynnt sú vinna sem farið hefur fram til að HSV verði fyrirmyndarhérað hjá ÍSÍ.
2. Ársreikningur HSV
Ársreikningar kynntir. Þeir verða lagðir fram til samþykktar á ársþingi. Óskað eftir betri sundurliðun á rekstri íþróttaskólans.
3. Fjárhagsáætlun HSV
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 kynnt. Spurningar vegna tekjuskerðingar á afrekssjóð.
4. Aðrar tillögur fyrir ársþing HSV.
Kynnt styttri útgáfa af ársþingi HSV vegna aðstæðna á undanförunum mánuðum.
5. Kynnig á stöðu nýs yfirþjálfara íþróttaskóla HSV
Staða umsóknarferlis kynnt.
6. Önnur mál.
 - a. Guðfinnar ræddi aðstöðuna í andyri á Torfnæs, rætt um aðstöðu fyrir börn til að bíða eftir frístundarútu eftir að æfingum lýkur. Kallað eftir að farið sé í vinnu við að finna lausn á þessu. Möguleiki með að setja 4. klefa í húsið. Fundurinn samþykkti að leggja fram tillögu þar sem skorað er á Ísafjarðarbæ að leysa út þessum málum.
 - b. Marínó spyrst fyrir um uppbyggingarsamninga. Kallað eftir betra fyrirkomulagi með samninga og áætlun. Umsóknarferli, tímaranna samninga og upphæðir í uppbyggingasjóð. Fundurinn samþykkir að leggja fram tillögu þar um að skora á Ísafjarðarbæ að vinna að framtíðarskipulagi varðandi umsóknarferli og fyrirkomulag samninga sem og að geta sótt um til lengri tíma en eins árs.
 - c. Anton spyr um að koma golfi inn í íþróttaskólann með einhverjum hætti. Rætt var fyrirkomulag íþróttaskólans og vilja til þess að koma fleiri íþróttagreinum inn í skólann. Rætt var að í framhaldi af niðurstöðum könnunar sem unnið er að fyrir skólann yrði sett af stað formlegt ferli í að endurskoða skipulag skólans.



Formannafundur

d. Umræða um möguleika fyrir illa staddar fjölskyldur og leiðir til að ná til foreldra í þeim tilgangi að geta aðstoðað við að börn geti stundað íþróttir.

e. Marínó minnir á það að HSV eigi 20 ára afmæli. Til stóð að halda ársþing og halda upp á afmælið á afmældisdaginn sjálfan 30.apríl sl en sökum Covid var fundinum frestað. Ræddir voru möguleikar þess að halda 20.ára afmælisveislu HSV. Mikill stuðningur með að halda hátíð með haustinu.

Fundi slitið kl: 18:46